

REGLUR

um Tónlist fyrir alla.

1. gr.

Hlutverk *Tónlistar fyrir alla* er að kynna nemendum í íslenskum skólum, einkum á grunnskólaaldri, ólíkar tegundir tónlistar í lifandi flutningi listamanna með það að markmiði að efla þekkingu þeirra og skilning á tónlist. Stefnt skal að því að allir nemendur fái notið *Tónlistar fyrir alla* einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.

2. gr.

Til þess að gegna hlutverki sínu skal *Tónlist fyrir alla*, í samstarfi við sveitarfélög og hagsmunasamtök og eftir því sem fjárheimildir leyfa, skipuleggja fjölbreytt tónleikahald í skólum landsins og láta útbúa námsefni og leiðbeiningar fyrir nemendur og kennara til að undirbúa tónleikana og til að fylgja þeim eftir. Skólatónleikar *Tónlistar fyrir alla* skulu að jafnaði vara í eina kennslustund, falla eðlilega að starfi skólans og fara fram innan veggja hans. Undantekningar geta verið þar á t.d. varðandi tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og flutning á vegum Íslensku óperunnar.

Gefa skal út yfirlit yfir tónleikana tvisvar á ári, fyrir vorönn og fyrir haustönn.

3. gr.

Tekjur *Tónlistar fyrir alla* eru:

- a) árleg fjárveiting á fjárlögum,
- b) gjald sem sveitarfélög greiða fyrir hvern nemanda sem sækir tónleika,
- c) styrkir frá stofnunum, fyrirtækjum, sjóðum, samtökum eða einstaklingum,
- d) og aðrar tekjur sem verkefninu kunna að hlotnast.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar *Tónlist fyrir alla* sjö manna stjórn. Einn skal tilnefndur af Félagi íslenskra hljómlistarmanna og Félagi íslenskra tónlistarmanna í sameiningu, einn af Sinfóníuhljómsveit Íslands, einn af Tónmenntakennarafélagi Íslands og tveir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnina skal skipa til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

5. gr.

Stjórnin gerir framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár og tekur ákvörðun um tónleikahald. Stjórnin skal gera tillögur til menntamálaráðuneytisins vegna undirbúnings fjárlaga hverju sinni.

6. gr.

Stjórninni er heimilt, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að reka skrifstofu og ráða starfsfólk eftir því sem fjárráð leyfa til þess að vinna að verkefnum *Tónlistar fyrir alla*, gera samning við verktaka, reka skrifstofu í samvinnu við aðra eða semja við félagsamtök sem aðild eiga að *Tónlist fyrir alla* að annast verkefni þess.

Heimilt er stjórninni að semja við bankastofnun um að annast vörslu tekna *Tónlistar fyrir alla* og fjárreiður þess. Endurskoðaðir reikningar skulu árlega sendast ráðuneytinu.

7. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 11. febrúar 2002.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.